

Efni: Útreikningur á kostnaði við að afnema tekjutengingar við atvinnutekjur ellilífeyrisþega.

Gögn sem notuð eru við útreikninga.

Notað er excel skjal sem sýnir stöðuna eins og hún er vegna janúar 2018 eftir keyrslu vegna mars 2018 sem var framkvæmd í byrjun mars.

Forsendur

Gert er ráð fyrir að afnumdar séu tekjutengingar við alla þá tekjuliði sem í dag njóta sérstaks frítekjumarks atvinnutekna hjá ellilífeyrisþegum.

Gert er ráð fyrir að þetta gildi aðeins um ellilífeyri en ekki aðra bótaflokk tengdum ellilífeyri eins og heimilisuppbót eða orlofs- og desemberuppbætur.

1. Kostnaður ríkissjóðs ef frumvarpið verður að lögum.

Kostnaður vegna þeirra sem þegar eru með úrskurð um ellilífeyri hjá TR er um 1.030 milljónir kr. á ári.

Til viðbótar við þetta eru á sjötta þúsund manns búsettir hér á landi sem hafa náð 67 ára aldri en ekki sótt um ellilífeyri hjá TR. Reikna má með að einhverjir þeirra hafi ekki sótt um vegna þess að þeir hafa of háar tekjur til að eiga rétt á ellilífeyri miðað við núverandi reglur og í þeim tilfellum sem það er fyrst og fremst vegna atvinnutekna munu þessar breytingar leiða til þess að þeir öðlast rétt til ellilífeyris. TR hefur engar upplýsingar um þennan hóp og getur því ekki metið væntan kostnað sem það myndi leiða af sér. Í þessu efni þarf þó að hafa í huga að við það að fresta umsókn um ellilífeyri öðlast viðkomandi aukinn lífeyrisrétt. Hafi umrædd breyting þau áhrif að sótt sé fyrir um ellilífeyri en til stóð, myndi kostnaður vegna frekari frestunar falla niður. Því má reikna með að einhver hluti kostnaðarauka við að þeir sækji fyrir um sé í raun kostnaður sem hefði að hluta til raungerst síðar vegna hærri lífeyrisréttinda vegna frestunar.

2. Áhrif víxlverkunar almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna á kostnað ríkissjóðs.

Víxlverkanir bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna eru ekki til staðar hjá ellilífeyrisþegum heldur aðeins hjá örorkulífeyrisþegum.

3. Sviðsmyndir fyrir ólíka hópa ellilífeyrisþega.

Það eru um 1.450 af þeim ellilífeyrisþegum sem þegar eru í bótakerfi TR sem munu njóta þessarar breytingar. Þar sem sértækt frítekjumark atvinnutekna er 100.000 kr. á mán. þá munu þeir einir njóta þessarar breytingar sem eru með hærri atvinnutekjur en það. Þeim mun hærri sem atvinnutekjurnar mun ávinningurinn af þessum breytingum verða meiri. Svo fremi sem aðrar tekjur sem skerða ellilífeyri eru meiri en 25.000 kr. á mánuði þá er ávinningurinn 45% af atvinnutekjum umfram 100.000 kr. á mán. en þó ekki meiri en sú upphæð sem réttur til ellilífeyris getur orðið að teknu tilliti til annarra tekna en atvinnutekna. Þessar tölur miðast við 100% rétt í ellilífeyri.

Dæmi.

Atvinnutekjur eru 400.000 kr. á mán. og aðrar tekjur eru 200.000 kr. Réttur til ellilífeyris í dag miðað við þessar forsendur er 25.734 kr. á mán. en verður 160.734 kr. ef hætt verður að skerða vegna atvinnutekna Þarna munar 135.000 kr. sem er 45% af þeim 300.000 kr. sem atvinnutekjurnar eru umfram 100.000 kr. sértækt frítekjumark atvinnutekna.

Ef aðrar tekjur en atvinnutekjur eru hins vegar 400.000 kr. og atvinnutekjuarnar 400.000 kr. þá er engin réttur á ellilífeyri vegna tekna í dag en ef hætt verður að skerða ellilífeyririnn vegna atvinnutekna þá verður bótarétturinn 70.374 kr. Ástæða þess að ávinningurinn verður minni þrátt fyrir jafn háar atvinnutekjur og í fyrra dæminu er sú að aðrar tekjur en atvinnutekjur gefa ekki meiri rétt en þetta í ellilífeyri.

Það má í raun segja að ef til staðar er réttur á ellilífeyri í dag þá hækki bótarétturinn um 45% af atvinnutekjum umfram 100.000 kr. á mán. miðað við 100% bótarétt en ef ekki er til staðar bótaréttur vegna tekna í dag þá verður ávinningurinn minni en sem því nemur. Ef bótarétturinn er annar en 100% þá má margfalda þessar tölur miðað við bótaréttinn til að fá út ávinninginn.

Taflan hér fyrir neðan sýnir nokkur önnur dæmi um það hvernig þetta kemur út miðað við 100% bótarétt. Það helsta sem flokkast hér unír aðrar tekjur eru lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur auk nokkurra annarra tekjuliða sem auk þessara tekjuliða og atvinnutekna skerða ellilífeyrir í dag.

Aðrar tekjur	Breyting	Atvinnutekjur						
		100.000	150.000	200.000	300.000	400.000	500.000	600.000
50.000	Er	228.234	205.734	183.234	138.234	93.234	48.234	3.234
	Verður	228.234	228.234	228.234	228.234	228.234	228.234	228.234
	Hækkun	0	22.500	45.000	90.000	135.000	180.000	225.000
100.000	Er	205.734	183.234	160.734	115.734	70.734	25.734	0
	Verður	205.734	205.734	205.734	205.734	205.734	205.734	205.734
	Hækkun	0	22.500	45.000	90.000	135.000	180.000	205.734
200.000	Er	160.734	138.234	115.734	70.734	25.734	0	0
	Verður	160.734	160.734	160.734	160.734	160.734	160.734	160.734
	Hækkun	0	22.500	45.000	90.000	135.000	160.734	160.734
300.000	Er	115.734	93.234	70.734	25.734	0	0	0
	Verður	115.734	115.734	115.734	115.734	115.734	115.734	115.734
	Hækkun	0	22.500	45.000	90.000	115.734	115.734	115.734
400.000	Er	70.734	48.234	25.734	0	0	0	0
	Verður	70.734	70.734	70.734	70.734	70.734	70.734	70.734
	Hækkun	0	22.500	45.000	70.734	70.734	70.734	70.734

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins

Tekið saman af Sigurði M. Grétarssyni

